

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 15. maí 2026

Mál nr. S-12/2026:

## Lögrelustjórinn á Vestfjörðum

(Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi)

gegn

## Olívu Ragnheiði Zieba

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 6. maí sl., var höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vestfjörðum 24. febrúar sl. á hendur Olívu Ragnheiði Zieba, kt. [...], [...]: „fyrir misneytingu, með því að hafa sem starfsmaður á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum, þegið debetkort, [...], í eigu og af A, kt. [...], vistmanns á Barmahlíð, og nýtt sér að hann væri með vitræna skerðingu, vangetu til þess að átta sig á fjármálum og að hann væri ákærðu háður um þjónustu, til þess að nota debetkortið í eigin þágu í 48 skipti með úttektum úr hraðbanka og greiðslu fyrir vörur og þjónustu á tímabilinu 7. júní til 25. júlí 2023 og þannig tekið af bankareikningi nr. [...] í Landsbankanum hf. fyrir samtals 1.231.766 krónur.

Til vara fyrir umboðssvik, í samræmi við framangreint, með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð og notað debetkortið í eigin þágu í 48 skipti.“

Í ákæru er yfirlit um færslurnar sem um ræðir, samtals 1.231.766 krónur:

Nr.	Dags.	Skýring greiðslu	Móttakandi	Upphæð
1	25.7.2023	Úttekt með debetkorti	Lyfja Hofn	-11.410
2	25.7.2023	Úttekt með debetkorti	Vinbudin Hofn	-7.896
3	25.7.2023	Úttekt með debetkorti	HUSGAGNAVAL	-7.990
4	25.7.2023	Úttekt með debetkorti	Z-Bistro	-7.470
5	25.7.2023	Úttekt með debetkorti	Sundlaug Hornafjardar	-2.300
6	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	OLIS HELLU	-9.934
7	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	KR Vik	-18.931

8	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	N1 Kirkjubaejarklaustur	-1.290
9	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	BC Pizza	-6.920
10	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	Icewear Vik i Myrdal	-12.456
11	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	Netto Borgarnesi	-15.449
12	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	N1 Artunshofdi	-710
13	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	Hagkaup Spongín	-8.528
14	24.7.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 036074	-30.295
15	24.7.2023	Úttekt með debetkorti	Bruarsport ehf.	-24.370
16	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	Krambudin Holmavík	-1.277
17	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	Ikea	-8.340
18	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	Extraloppan	-22.000
19	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	N1 Haholt	-6.320
20	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	Olis Borgarnesi	-948
21	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	Ikea	-175
22	21.7.2023	Úttekt með debetkorti	KFC Haholt	-3.106
23	19.7.2023	Úttekt með debetkorti	Krambudin Holmavík	-1.336
24	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	AERO FOOD	-3.272
25	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	SUNGLASS HUT	-166.286
26	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	N1 Artunshofdi	-2.291
27	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	PORTO DFS WALKTHROUG	-38.341
28	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	PORTO DFS WALKTHROUG	-8.382
29	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	Foot Locker-Artigos Desp	-34.375
30	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	Foot Locker-Artigos Desp	-15.092
31	17.7.2023	Úttekt með debetkorti	SPORT ZONE	-13.519
	12.7.2023	Gjald vegna hraðbankaúttektar		-852
32	12.7.2023	Úttekt í hraðbanka	RUA DO LOUREIRO 104	-85.185
33	12.7.2023	Úttekt með debetkorti	MARQUES SOARES SA	-45.743
	11.7.2023	Gjald vegna hraðbankaúttektar		-832
34	11.7.2023	Úttekt með debetkorti	SUNGLASS HUT	-36.465

35	11.7.2023	Úttekt með debetkorti	MAIS OPTICA SUCURSAL EM P	-66.814
36	11.7.2023	Úttekt í hraðbanka	Loja Santa Catarina 524	-83.182
37	11.7.2023	Úttekt með debetkorti	PERFUMES E COMPANHIA	-67.823
38	10.7.2023	Úttekt með debetkorti	PURO PORTO HOTEL	-34.846
39	5.7.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 033974	-110.580
40	27.6.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 036074	-30.295
41	27.6.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 036074	-50.295
42	26.6.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 031292	-50.295
43	26.6.2023	Úttekt í hraðbanka	Arion ATM 031292	-50.295
44	12.6.2023	Úttekt með debetkorti	Wolt	-7.195
45	12.6.2023	Úttekt með debetkorti	Wolt	-9.658
46	12.6.2023	Úttekt með debetkorti	Wolt	-6.928
47	12.6.2023	Úttekt með debetkorti	WWW.ZOLOICELAND.IS	-474
48	7.6.2023	Úttekt með debetkorti	Harsnyrtistofa Heidu	-3.000

Telst háttsemin varða við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 249. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður, fyrir hönd brotaþola, A, sem sviptur hefur verið fjárræði, þá kröfu að ákærðu verði gert að greiða brotaþola skaðabætur að fjárhæð 1.199.766 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir brotaþoli kröfu um málskostnað úr hendi ákærðu sér að skaðlausu.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjanda, verjanda ákærðu og lögmanni einkaréttarkröfuhafa hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði, ákvörðun refsingar og atriði er varða einkaréttarkröfu.

Ákærða hefur skýlaust játað brot sitt og er með játningu hennar, sem fær stoð í gögnum málsins, sannað að ákærða er sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök.

Hvað heimfærslu til refsíákvæða áhrærir hefur dómurinn í huga að í 253. gr. almennra hegningarlaga er lýst tvíhliða broti þar sem gerandi hefur misbeitt tiltekinni yfirburðaaðstöðu eða misnotað trúnað annars manns til þess að hafa óhæfileg og ólöglegt áhrif á gerðir viðsemjanda síns eða annars aðila sem hann á skipti við (sjá t.d. Jónatan Þórmundsson: *Umboðssvik*. Tímarit Lögréttu, 2. tbl. 2007, bls. 177-178). Eins og hér stendur á verður háttsemi ákærðu, virt heildstætt, hins vegar fyrst og fremst talin lúta að því að ákærða hafi einhliða misnotað sér aðstöðu sína og trúnað til þess að afla sér fjárvinnings á kostnað brotþola. Verður háttsemi ákærðu því heimfærð til 249. gr. almennra hegningarlaga líkt og ákærvaldið miðar við til vara.

Ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin að fullu. Þá viðurkennir ákærða bótaskyldu. Loks krefst ákærða málskostnaðar að mati dómsins og að skipuðum verjanda hennar verði ákvörðuð hæfileg þóknun.

Ákærða er fædd árið [...] og hefur sakaferill hennar ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Við þá ákvörðun er jafnframt litið til skýlausrar játningar ákærðu og viðurkenningar á bótaskyldu gagnvart brotþola. Með vísan til framangreinds, sakarefnisins og dómvenju og 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Rétt þykir að mæla fyrir um að fullnustu refsingarinnar verði frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða hefur í málinu verið sakfelld fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga sem lýtur að umboðssvikum. Með brotinu hefur ákærða skapað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola og hefur hún gengist við því fyrir dómi. Með háttseminni, sem var bæði saknæm og ólöglegt, hefur ákærða valdið brotþola fjártjóni og eru skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu uppfyllt. Brotþoli á því rétt á skaðabótum úr hendi ákærðu á grundvelli sakarreglunnar og 172. gr. laga nr. 88/2008. Miðast krafan við þá fjármuni sem ákærða notaði í eigin þágu af debetkorti brotþola og hefur fjárhæð hennar ekki verið mótmælt af hálfu ákærðu. Krafan var kynnt ákærðu við birtingu ákæru 24. febrúar sl. Með hliðsjón af því og 9. gr. laga nr. 38/2001 miðast upphafstími dráttarvaxta við 24. mars sl. Brotþoli á jafnframt tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærðu vegna kröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, en sá kostnaður þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur með hliðsjón af efni og umfangi málsins.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar en til hans telst þóknun skipaðs verjanda hennar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns. Telst þóknunin hæfilega ákveðin, m.a. með hliðsjón af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026, 248.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki verður séð að annan sakarkostnað hafi leitt af meðferð málsins fyrir dómi.

Af hálfu ákæruvaldsins fór með málið Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærða, Olivia Ragnheiður Zieba, sæti fangelsi í þrjú mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði brotaþola, A, 1.199.766 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. nóvember 2023 til 24. mars 2026 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærða brotaþola 350.000 krónur í málskostnað.

Ákærða greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 248.000 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson